



Skýrsla sveitarstjóra

Lögð fram á 103. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar, þriðjudaginn 8. febrúar 2022.

- **Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra**

Nýr lögreglustjóri hefur tekið upp breytt og bætt samskipti við sveitarstjóra, bæði vegna stöðu heimsfaraldurs, vikulega frá áramótum, en einnig vegna annara mála sem snerta sveitarfélögin, íbúa á svæðinu og þá ferðamenn sem fara hér um. Mikil ánægja er með þessa bættu upplýsingagjöf og samráð við sveitarfélög á svæðinu.

- **Borgað þegar hent er – Kynning 03.02.2022.**

Kynning var á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og EFLU, um greiningar og mögulegar útfærslur á nýjum reglum sem koma til framkvæmda að stórum hluta þann 1. janúar 2023, samkvæmt ákvæðum í lögum nr 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi.) Löggin hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin í landinu þar sem það er þeirra skylda að heimilisúrgangi sé safnað og þurfa þau að innheimta íbúa fyrir þessa þjónustu, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. *Sjá fyrirliggjandi skýrslu og kynningu á vef Sambandsins....*

- **Breytingar á skrifstofu Blönduósbæjar**

Eins og fram hefur komið þá hafa verið umtalsverðar áherslubreytingar á skrifstofu Blönduósbæjar, meðal annars með ráðningu á nýjum Fjármála og skrifstofustjóra, innleiðingu á nýju embætti Skipulags- og byggingafulltrúa í Húnavatnssýslum, sem enn er í þróun, og einnig breytingum á eigna- og framkvæmdasviði sveitarfélagsins. *Áfram verður unnið að frekari skipulagsbreytingum til þess að ná fram hagræðingu.*

- **Orkumál í brennidepli – Valkostagreining frá LANDSNET**

Eins og fram hefur komið í fréttum þá gæti stefnt í mikinn orkuskort í landinu, ef ekki er brugðist við eins og mögulegt er bæði í uppbyggingu dreifikerfis raforku og einnig að nýta þá kosti sem þegar eru tilbúnir til aukinnar orkuöflunar. Þar getur uppbygging á Blönduvirkjun með rennslisvirkjunum og einnig nýjum Blöndulundi skipt miklu máli. Fyrir liggur valkostagreining frá Landsneti um með hvaða hætti mætti auka flutning og afhendingu á rafmagni til Blönduós, m.a. til þess að mæta aukinni eftirspurn um fjölbreytta starfsemi og einnig til þess að auka afhendingaröryggi rafmagns.

- **Gagnaver**

Nú hefur risið nýtt og glæsilegt hús á gagnaverslóðinni, og annað í undirbúningi, auk þess sem búið er að koma fyrir fjarskiptabúnaði (*DISK*) sem er liður í því að móttaka gögn í gegnum gervihnetti, en um er að ræða tilraun sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Verkefnið verður kynnt á næstu vikum, og mögulega bætt við ef vel gengur. Þá er verið að undirbúa auglýsingar um fleiri störf á staðnum sem fylgja stækkun og aukinni starfsemi. Einnig er verið að skoða hvaða tækifæri liggja í breyttu eignarhaldi á **Borealis DATA CENTER**, þar sem franskir innviðafjárfestar hafa keypt hlut ETIX.



- **Sameiningarkosning 19. 02. 2022.**

Nú liggur fyrir að kosið verður um mögulega sameiningu Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar laugardaginn 19. febrúar n.k., en umtalsverð vinna hefur farið fram á vettvangi samstarfsnefndar um sameininguna, gefinn var út bæklingur og haldinn kynningarfundur með íbúum sem varð að vera rafrænn, í ljósi núverandi aðstæðna. *Mikilvægt er að unnið verði ötullega fram að sameiningarkosningu, og hvetja íbúa til þess að taka þátt í kosningunni, og nýta þau augljósu tækifæri sem þar liggja fyrir.*

- **Sveitarstjórnarkosningar 14. 05. 2022.**

Hvað sem verður með mögulegar sameiningar sveitarfélaga þá hafa orðið breytingar á kosningalögum sem meðal annars færa almennar sveitarstjórnarkosningar fram um tvær vikur, og verða þær því haldnar um miðjan maí, í staðinn fyrir síðustu helgina. *Það stýttist því í að kjörnir fulltrúar þurfi að ákveða sig um mögulegt framboð til starfa á vettvangi sveitarstjórnar og er hér með hvatt til þess að það verði skoðað vandlega.*

- Önnur mál.....

Blönduósi 8. febrúar 2022.
Valdimar O Hermannsson
Sveitarstjóri Blönduósbæjar